# Námsáætlun fyrir dönsku - 7. bekkur
# skólaárið 2023 – 2024

**Kennari:** Hildur Hauksdóttir og Þórunn Katla Tómasdóttir
**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið<br>Nemandi geti: | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Hlustun** | Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.<br><br>Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni. | Unnið verður markvisst með hlustunarefni sem tengist þeim efnisflokkum sem unnið er með. Hlustun einnig þjálfuð við áhorf á danskt fréttaefni, danskar kvikmyndir og eða þætti þar sem danskur undirtexti er einnig notaður. | |
| **Lesskilningur** | Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi t.d. af myndum.<br><br>Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. | Unnið verður markvisst með les- og vinnubækur þar sem efni þeirra tengist ákveðnum efnisflokkum. | Orðaforðapróf<br>Lesskilningspróf |
| **Samskipti** | Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.<br><br>Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. | Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni þar sem unnið er með ákveðna efnisflokka. Lögð er áhersla á málfræði, orðaforða og að þeir geti tjáð sig um það sem snertir þá persónulega eða áhugasvið þeirra. | Símat |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Frásögn** | Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.<br><br>Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa. | Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni þar sem unnið er með ákveðna efnisflokka. Lögð er áhersla á málfræði, orðaforða og að þeir geti tjáð sig um það sem snertir þá persónulega eða áhugasvið þeirra. | Símat |
| **Ritun** | Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.<br><br>Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.<br><br>Lýst í einföldu máli því sem næst honum er fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi. | Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni þar sem unnið er með ákveðna efnisflokka. Lögð er áhersla á málfræði, orðaforða og að þeir geti tjáð sig um það sem snertir þá persónulega eða áhugasvið þeirra. | Ritun |
| **Menningarlæsi** | Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.<br><br>Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungu-málinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir. | Nemendur kynnast einkenni þjóðfélags og innri samfélagsgerð í gegnum les- og vinnubækur, netmiðla og upplýsingar frá kennara. | Virkni<br>Þemaverkefni |
| | | | |

<table>
<tr><td>Námshæfni</td><td>Beitt einföldum námsaðferðum til auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.<br><br>Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.<br><br>Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</td><td></td><td>Orðaforðakannanir<br>Lesskilningur<br>Þemaverkefni</td></tr>
<tr><td colspan="4">Námsgögn:<br>Start les- og vinnubók, danskir þættir/dönsk kvikmynd, efni frá kennara og af netinu.</td></tr>
<tr><td colspan="4">Lokanámsmat:<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár.  Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.</td></tr>
</table>